

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Nr. 172.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr. 23 788
	<hr/>
	Kr. 23 788

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr. 23 788
	<hr/>
	Kr. 23 788

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1976.

Eignir:

Bankainnstæður	kr. 178 227
	<hr/>
	Kr. 178 227

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:	
Hrein eign pr. 1. jan. 1976	kr. 154 439
Hreinar tekjur árið 1976	— 23 788
	<hr/>
	kr. 178 227
	<hr/>
	Kr. 178 227

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1977.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 173.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr. 44 417
	<hr/>
	Kr. 44 417

G j ö l d :	
Tekjum umfram gjöld	kr. 44 417
	Kr. 44 417

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1976.

E i g n i r :	
Bankainnstæður	kr. 327 506
	Kr. 327 506

S k u l d i r :

Höfuðstólsreikningur:	
Hrein eign pr. 1. jan. 1976	kr. 283 089
Hreinar tekjur árið 1976	— 44 417
	kr. 327 506
	Kr. 327 506

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1977.

Brynjólfur Ingólfsson.

R E G L U G E R Þ

um gatnagerðargjöld á Raufarhöfn.

1. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnar ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvennskonar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna og holræsaerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.0%
Tvíbýlishús og tveggja hæða íbúðarhús	0.5%
Tveggja hæða raðhús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	0.4%
Fjölbýlishús	0.2%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.0%
Opinberar byggingar	0.8%
Iðnaðar og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	0.4%
Verbúðir og gripahús	0.2%